



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

53. tölublað 6. árgangur mars 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

## Hálsaskógur



Öll dýrin í sk.....

## Kæra skólasamfélag!

Upp er runninn marsmánuður og dagarnir orðnir bjartari sem minna okkur á að senn kemur vorið! Áður en það brestur á ætlum við að gera margt skemmtilegt og fróðlegt í skólanum og þar ber hæst æfingar og undirbúningur fyrir árshátíð sem verður 30. mars. Að þessu sinni er þemað um góðkunningja okkar í Hálsaskógi þá Mikka ref, Lilla klifurmús og öll hin dýrin sem ákveða saman að vera góð hvert við annað, svipað og að vera „*græni karlinn*“ sem má rifja upp hér í fréttabréfinu og snýst um hegðun og framkomu.

Sjáumst í skólanum, alltaf velkomin til okkar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Góð uppbygging

- Leiðrétta mistök
- Sættast við sjálfan sig
- Koma til móts við þarfir
- Sætta ólík sjónarmið
- Læra nýjar og betri leiðir
- Tengja við lífsgildi
- Taka í sátt

Hver vilt þú vera?



## Lykilspurningar

Hvað vilt þú?

- Hvernig get ég hjálpað þér?
- Hvaða val hefur þú?
- Hverju vilt þú breyta?
- Hvernig viltu að þér líði?
- Að hverju stefnir þú?
- Hvað vilt þú að gerist næst?
- Hvað er mikilvægt fyrir þig?
- Ef þú gæti breytt einhverju, hverju myndir þú þá breyta?



## Árshátíð Árskógar skóla

Verður fimmtudaginn 30. mars

kl. 17:00 í félagsheimilinu Árskógi.

Miðaverð:

18 ára og eldri 1000 kr.

6-18 ára 500 kr.

0-6 ára frítt.


Nemendur Árskógar skóla fá frítt.

Foreldrafélag skólans býður upp á súpu, brauð og kaffi að lokinni sýningu.

Allur ágóði er til styrktar fjölbreyttu starfi foreldrafélagsins og skólans fyrir nemendur.

þemað er Dýrin í Hálsaskógi

**Allir velkomnir, vonum að sem flestir láti sjá sig.  
Nemendur og starfsfólk Árskógar skóla.**



## Umferð bíla við skólann að morgni

Um kl. 8 á morgnana þegar flestir eru að koma í skólann er afar mikilvægt að við tökum tillit til hvers annars. Foreldrar sem keyra börnum í skólann eru vinsamlegast beðnir að leggja bílunum sínum sunnar (nær Kötlukoti við kýraugað) svo að skólarútan geti hleypt nemendum út fyrir framan grunnskólainnganginn og hefti ekki umferð til og frá skóla.



## Litahegðun-upprifjun heima

Flestir eru **græni karlinn** eða vilja vera hann. Sumir þurfa aðstoð við að vera sá græni og tilvalið að æfa sig heima enda best fyrir mann sjálfan þegar manni líður vel. Í skólanum leggjum við áherslu á góða hegðun og framkomu, sjálfra okkar vegna og annarra. Komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur!

### Rauður

Vill ráða  
Lemur  
Meiðir  
Segir ljótt  
Er æstur

**Líður illa**

### Gulur

Vill ráða  
Truflar  
Stríðir  
Segir ljótt

**Líður illa**

### Grár


Er leiður  
Lætur aðra  
krakka ráða  
yfir sér  
Fýlu-stjórnar

**Líður  
frekar illa**

### Grænn


Hlustar  
Hjálpar  
Er glaður

**Líður vel**



## Hagnýtar upplýsingar

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.


 Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,  
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>








Netfang: [arskogarskoli@dalvikurbyggd.is](mailto:arskogarskoli@dalvikurbyggd.is)



náms**A**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**ðing

# Viðburðadagatal mars 2017

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

		1 Öskudagur Skóli lokar 12 	2 Félagsmiðstöð 1.-4.b kl. 17 <sup>oo</sup>	3 Baltasar 3 ára 	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14 Skíðadagur grunnskólastigs Dalvík 	15	16	17	18	19
20	21 Hugrún 10 ára 	22	23	24	25	26
27 Sigurbjörn 10 ára 	28	29	30 Árshátíð kl. 17  Tindri 2 ára 	31	